

MINNISBLAÐ

DAGSETNING 14.05.2023

15 ÁRA SAMGÖNGUÁÆTLUN 2024-2038

HÖFUNDUR BH/ÓRB

YFIRLESID SBJ/SAG

FLUGMÁLHLUTI SAMGÖNGUÁÆTLUNAR 2024-2038

Með tilkomu varaflugvallargjalds verður hægt að hefja langþráða sókn í viðhaldi og endurnýjun á núverandi innanlandsflugvallarkerfi og undirbúa þessa lykil samgönguinnviði fyrir framtíðina. Forgangsraðað hefur verið samkvæmt áherslum innviðaráðherra.

Stærstu nýframkvæmdir á næsta áratug eru:

- Gerð samsíða akstursbrautar og stækkun á flughlaði á Egilsstaðaflugvelli.
- Uppsetning á fjarstýrðum flugturni á Reykjavíkflugvelli.
- Undirbúningur að fjarstýrðum flugturnum á áætlunarflugvöllum
- Undirbúningur og bygging nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkflugvelli.
- Uppbygging á Akureyrarflugvelli.
- Undirbúningur fyrir orkuskipti í flugi.
- Uppbygging fyrir sjúkra og neyðarflug.

Allar tölur eru frumkostnaðaráætlunartölur og eru á verðlagi ársins 2023.

ÞRÓUN EGILSSTAÐAFLUGVALLAR

Á Egilsstaðaflugvelli var unnin valkostagreining árið 2021 um áframhaldandi þróun varaflugvallarins og þar er lagt til að gera samsíða akbraut og stækka flughlað. Nauðsynlegt er að áfangaskipta því verkefni á gildistíma áætlunarinnar. Frumkostnaðaráætlun á heildarverkefninu er um 13 milljarðar.

Í deiliskipulagi gert ráð fyrir samsíða akbraut og stærra flughlaði til að geta brugðist við óvæntum aðstæðum á Keflavíkflugvelli. Innan aðalskipulags Múlaþings rúmast fyrsti áfangi akbrautar og hlað verkefnis. Deiliskipulagsbreyting og útboð á hönnun akbrautar er í undirbúningi. Lögð er til áfangaskipting á þessu verki og á fyrsta tímabili áætlunarinnar yrði farið í að gera stutta akbrautarslaufu (TWY Charlie) við norðurenda brautar og aðra slaufu (TWY Delta) við suðurendann og er áætlaður kostnaður um 3,5 milljarðar króna. Á síðari hluta áætlunarinnar yrði flughlað stækkað og að lokum lögð akbraut alla leið á milli TWY Charlie og TWY Delta.

FJARSTÝRÐUR FLUGTURN (REMOTE TOWER / REMOTE AFIS)

Vegna lélegs ástands á flugturninum á Reykjavíkflugvelli hafa Isavia Innanlandsflugvellir verið að undirbúa í samvinnu við Isavia ANS breytingu á flugleiðsögupjónustu Reykjavíkflugvallar með því að setja upp fjarstýrðan flugturn (e. Remote Tower). Verið er að ganga frá útboði á myndavélabúnaði og hugbúnaði og gert er ráð fyrir að breytingin verði innleidd á árabílinu 2024-2025.

Aðstaðan yrði sett upp í núverandi húsnæði ANS á Reykjavíkflugvelli. Töluverð fjárfesting liggur í bæði ljósleiðaravæðingu, fjarstýringu ljósa og uppsetningu myndavéla, masturs og tengingum ásamt sérstöku stjórnherbergi. Stofnfjárfesting gæti numið um 600 milljónum króna auk árlegs

rekstrarkostnaðar. Gert er ráð fyrir 375 m.kr. stofnframlagi á Samgönguáætlun en afgangur yrði greiddur með árlegum leigugreiðslum fyrir fjárfestingarluta Isavia ANS sem mætt verður með rekstrarframlagi í þjónustusamningi Isavia Innanlandsflugvalla. Verkefnið á Reykjavíkflugvelli er sett á fyrsta tímabil áætlunarinnar

Þessi þróun að flytja flugumferðarstýringu einstakra flugvalla í miðlæga miðstöð er á fullri ferð bæði á Norðurlöndunum og í Evrópu. Árin 2023 og 2024 verður unnið að þarfagreiningu og mótuð framtíðarsýn um hvernig verði hægt að nýta þessa tækni á fleiri áætlunarflugvöllum og að á næsta áratug verði allir áætlunarflugvellar fjarstýrðir frá sameiginlegri miðstöð. Verkefnið mun skila hagræðingu í starfsmannahaldi, aukinni þjónustu og opnar fyrir sólarhrings fjarstýringu á ákveðnum flugvöllum.

FLUGSTÖÐ Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI

Ríki og borg undirrituðu nýlega samkomulag um að starfsemi Reykjavíkflugvallar yrði tryggð þangað til annað flugvallarstæði væri tilbúið. Að lágmarki má gera ráð fyrir að undirbúningur frá ákvörðunartöku að opnun nýs flugvallar taki 25-30 ár. Því er nauðsynlegt að fara í endurbyggingu á flugstöðinni á Reykjavíkflugvelli til að þjóna innanlandsflugi næstu þrjú áratugin. Gert er ráð fyrir að reisa flugstöð á sama reit og núverandi flugstöð er staðsett. Fyrirhugað er að byggingin verði einföld stálgrindarbygging sem auðvelt yrði að fjarlægja eða nýta undir annars konar starfsemi þegar hlutverki byggingarinnar sem flugstöð líkur. Ícelandair hefur lýst yfir vilja sínum til að selja ríkinu núverandi flugstöð. Áætlað er að á árinu 2024 yrði unnin þarfagreining með flugrekendum og flugafgreiðsluaðilum ásamt hönnunarundirbúningi. Samhliða hönnun yrði útfærsla á bráðabirgða aðstöðu fyrir flugfarþega á framkvæmdatíma ákveðin. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími ásamt niðurrifi gæti verið um 24 mánuðir. Framkvæmdin er ekki að fullu fjármögnuð í áætluninni en dreifist á árin 2024-2026.

ÁFRAMHALDANDI UPPBYGGING Á AKUREYRARFLUGVELLI

Eftirspurn er eftir lóðum fyrir flugskýli við flugvöllinn og í endurskoðuðu deiliskipulagi er gert ráð fyrir þremur lóðum fyrir stór flugskýli vestan megin við nýtt hlað. Verkefnið verður unnið 2024-2026 og áætlaður kostnaður verður um 200 m.kr. til að gera lóðirnar byggingarhæfar. Innheimt verður lóðaleiga og gatnagerðargjöld af þessum lóðum.

ORKUSKIPTI Í FLUGI

Von er á fyrstu kennsluflugvélunum árið 2024 hingað til lands sem nota litlar færanlegar hleðslustöðvar og fyrsta vetnisknúna farþegaflugvélin hóf sig á loft nú í mars 2023. Á flestum flugvöllum er þriggja fasa rafmagn en undirbúa þarf aðstöðu fyrir hleðslu. Hefja þarf þessa vinnu á lendingarstöðum næst Reykjavíkflugvelli, á Sandskeiði, Hellu, Húsafelli, Selfossi og Vestmannaeyjum. Verkefni næstu fimm ára er að vinna með flugrekendum og orkufyrirtækjum í þarfagreiningu og aðlaga þjálfun starfsmanna að breytingum á flugvélakosti. Þegar niðurstaða er komin varðandi orkugjafa og orkuþörf þarf að byggja upp viðeigandi innviði. Gert er ráð fyrir árlegu framlagi árin 2024-2028 á áætluninni til að hefja undirbúning að þessari vinnu.


VIÐHALDSPÖRF INNVIÐA

Áætlaður heildarkostnaður vegna óumflýjanlegra uppsafnaðra viðhaldsframkvæmda er áætlaður um 16 milljarða króna.

Um of langt skeið hafa innviðir innanlandsflugs ekki fengið það viðhald sem þeir hafa þurft á að halda. Eins og alltaf þegar viðhaldi er frestað kemur að endanum að skuldadögum þegar verður að fara í viðhaldið eða horfa fram á eignatjón. Á sumum flugvöllum landsins er komið að þessum tímamótum. Á árunum 2010-2018 var **377 milljónum króna** að meðaltali varið í stofnkostnað og viðhald á innanlandsflugvöllum, en á árunum 1988-2010 var ársmeðaltalið hins vegar að minnsta kosti **1.225 milljónir króna** á verðlagi ársins 2019. Árleg framlög til framkvæmda voru á árunum 1988-2010 fjórum sinnum hærrí að meðaltali en samanlögð árleg fjárframlög til viðhalds og stofnkostnaðar á árunum 2010-2018.

Þetta sýnir að eftir árið 2010 verður svo mikill samdráttur í fjármagni til framkvæmda að ekki er óvarlegt að tala um hrun í þeim efnum.

Á meðfylgjandi mynd úr skýrslu ráðherra um framkvæmd Samgönguáætlunar er yfirlit yfir framlög til stofnkostnaðar og viðhalds á flugvöllum frá 1998-2021. Á árinu 2008 var flugbraut Akureyrarflugvallar lengd og á árinu 2021 var farið í malbikun á Egilsstaðaflugvelli og stækkun flugstöðvar og flughlaðs á Akureyrarflugvelli.



ENDURNÝJUN Á TÆKJUM OG BÚNAÐI

Mest aðkallandi verkefni á flugvöllum er endurnýjun vetraþjónustutækjabúnaðar, slökkvibíla og annars flugvallarþjónustubúnaðar. Þörfin er mjög brýn og það þarf að leggja fjármuni í verkefnið annað hvort í framkvæmdahluta eða í rekstrarhluta þjónustusamnings Isavia Innanlandsflugvalla.

Félagið hefur unnið ítarlega greiningu á þörfinni og varlega áætlað næstu 15 árin þá er fjárþörfin um 5 milljarðar króna þannig að það verður að setja um 300 milljónir króna árlega í endurnýjun á flugvallarþjónustutækjum.

FLUGVALLARLIÓS OG AÐFLUGSLJÓS

Sérstakt tilvik er varðandi flugbrautarljós en hætt verður að framleiða Halogen flugvallarljósabúnað sem notaður er á flestum innanlandsflugvöllum og þarf því að skipta ljósum út fyrir LED ljós.

Heildarkostnaður við endurnýjun flugvallarljósa er áætlaður um 1.100 m.kr. Framlögum vegna þessa er dreift yfir áætlunartímabilið.

Frávik frá Samgöngustofu er á alþjóðaflugvöllina þrjá vegna þess að aðflugsljós eru ekki til staðar á þremur flugbrautum. Hönnun ljósanna er að mestu lokið. Frumkostnaðaráætlun fyrir heildarverkefnið er um 830 m.kr. Þessi úrbótaverkefni verða færð aftar á áætlunartímabilið til að hægt verði að fara í byggingu nýrrar flugstöðvar á Reykjavíkflugvelli. Gert er ráð fyrir að fara í framkvæmdir á Reykjavíkflugvelli árið 2027, Akureyrarflugvelli 2029 og Egilsstaðaflugvelli 2030.

FLUGLEIÐSÖGUBÚNAÐUR OG FLUGFERLAR

Endurnýjun á flugleiðsögubúnaði innanlandsflugvallanna þarf að vera árleg og í kringum 100 m.kr.

Flugleiðsögubúnaður inniheldur veðurkerfi, aðflugsbúnað, flugupplýsingabúnað og fleira.

Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt áætlun um hæfisbundna leiðsögn (PBN) plan í samvinnu við flugmálayfirvöld í Evrópu en hæfisbundin leiðsögn mun leysa af stefnuvita (NDB vita og DME vita) og "markera" sem verða leyst af hólmi með GPS aðflugum. Það kallar á endurhönnun flugferla sem er kostnaðarsamur liður.

Flugferlar eru endurskoðaðir á fimm ára fresti fyrir alla flugvelli og landingarstaði. Kostnaður við endurskoðun hvers ferils er í kringum 4 m.kr. Auk kostnaðar vegna flugprófana sem er um 3 m.kr. að meðaltali fyrir hverja prófun. Gera þarf ráð fyrir að jafnaði um 100 m.kr. í þetta verkefni árlega fyrir innanlandskerfið í heild sinni en fjöldi aðflugs-og brottflugsferla fyrir einstaka flugvelli og landingarstaði er mismunandi.

FLUGVERNDARBÚNAÐUR

Endurnýjun flugverndarbúnaðar er orðin mjög aðkallandi á alþjóðaflugvöllunum þremur. Flugverndarbúnaður þ.e. snefilgreiningartæki og gegnumlýsingartæki er mjög sérhæfður og dýr. Jafnframt eru kröfur um aukinn tæknibúnað við landamæraeftirlit að breytast og þarf að gera ráð fyrir úrbótum þar að lútandi bæði á Akureyri og Egilsstöðum. Gert er ráð fyrir að það kosti um 30 m.kr. fyrir hvorn flugvöll að uppfæra landamærin þannig að þau mæti kröfum Entry/Exit reglugerðar á árunum 2024 og 2025.

UPPBYGGING SJÚKRA- OG NEYÐARFLUGVALLA

Skv. tillögum í skýrslu starfshóps ráðherra um öryggishlutverk landingarstaða verður lögð áhersla á að byggja upp aðstöðu á Blönduósflugvelli til að mæta kröfum um sjúkra- og öryggisflugvelli. Einnig verður horft til staðsetningar fyrir sambærilegan flugvöll á Suðausturlandi. Isavia Innanlandsflugvellir munu í samráði við viðbragðsaðila skoða heppilegustu staðsetningu fyrir slíkan flugvöll á Suðausturlandi.

ÞYRLUPALLAR FYRIR NEYÐARFLUG

Unnin verður þarfagreining og forgangs röðun á árinu 2024 en nokkrar óskir og áskoranir hafa komið fram víða um land um uppsetningu þyrlupalla í nágrenni heilbrigðisstofnana. Kostnaður við gerð þyrlupalls gæti verið um 50 m.kr. Stefnt er að byggingu fyrsta þyrlupallsins í Vestmannaeyjum á fyrsta tímabili áætlunarinnar.

YFIRLIT YFIR STÖÐUNA Á FLUGVÖLLUM:

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er gert ráð fyrir að flugvöllurinn verði farinn árið 2032. Hins vegar er í gildi samkomulag milli ríkis og borgar frá 2019 um að rekstraröryggi flugvallarins verði tryggt á meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur. Beðið er eftir niðurstöðum rannsókna á flugvallarstæði í Hvassahrauni. Skipulag í Nýja Skerjafirði verður yfirfarið í samvinnu við Reykjavíkurborg í samræmi við tillögur starfshóps ráðherra hvað varðar hæð bygginga og fyrirkomulag byggðar til takmarka áhrif á rekstraröryggi flugvallarins.

Forgangsröðun fjármuna á Samgönguáætlun hefur verið að viðhalda brautum og búnaði og því hefur viðhald bygginga á flugvöllinum setið á hakanum og nú er komið að dýrum endurbótum á húsnæði ríkisins á Reykjavíkflugvelli. Frumkostnaðaráætlun er um 730 m.kr.

Um er að ræða húsnæði Flugvallarþjónustu Isavia Innanlandsflugvalla, verkstæði, skrifstofu- og leiguhúsnæði. Flugskýli í eigu félagsins á flugvöllinum eru einnig í mjög slæmu ásigkomulagi. en þau voru flest byggð á árabílinu 1940-1950. Endurnýjun á rennihurðum flugskýla mun kosta vel yfir 100 milljónir króna skv. fyrstu kostnaðaráætlun. Heimæð fyrir heitt vatn að flugskýli 3 er ónýt og það er ekki tengt við frárennislískerfi. Endurnýja þarf þak á slökkvistöð ásamt gluggum og utanhússklæðningu. Rakaskemmdir eru víða komnar í útveggi og votrými. Leiguhúsnæði félagsins á flugvöllinum eru flest færanleg timburhús sem eru orðin mjög rakaskemmd. Sum þeirra þarf að rífa og endurnýja en sum þeirra má endurbyggja með umtalsverðum viðgerðum.

Stærstur hluti flugbrauta flugvallarins voru malbikaðar eða yfirsprautaðar árið 2022 en því til viðbótar þarf að malbika stærri hluta flugbrautaraxla til að auðvelda snjómokstur. Aðkallandi er einnig að endurnýja malbik, olúskiljur, frárennislagnir og niðurföll á flughlöðum. Frumkostnaðaráætlun gerir ráð fyrir kostnaði uppá 950 m.kr. sem dreifist yfir áætlunartímabilið.

Aðflugsljós við flugbraut 13 eru samkvæmt gildandi deiliskipulagi og á lokastigi hönnunar. Áætlaður kostnaður er um 200 m.kr. Stefnt er að framkvæmdinni árið 2027 Frávik er í starfsleyfi flugvallarins vegna þessa.

Landhelgisgæslan hefur óskað eftir stækkun á flughlaði til norðurs, um 4.000 m² að stærð. Með tilkomu stærra hlaðs væri hægt sameina aðstöðu fyrir neyðar- og sjúkraflug á flugvöllinum. Verkefnið rúmast ekki innan ramma áætlunarinnar.

Fyrr í skjalinu var gerð grein fyrir kostnaði við uppsetningu á fjarstýrðum flugturni sem er fyrir utan þessa viðhaldsáætlun

AKUREYRARFLUGVÖLLUR

Á Akureyri er verið að byggja 1100 m² viðbyggingu við flugstöðina sem verður tilbúin árið 2024 og jafnframt verður flughlaðið stækkað og tekið í notkun haustið 2023. Aðflugsljós inná braut 19 eru í hönnunarfasa og er kostnaður um 300 m.kr. Stefnt er að framkvæmdinni árið 2029. Frávik er í starfsleyfi flugvallarins vegna þess.

Nauðsynlegt er að malbika flugbrautina á öðru tímabili en hún verður yfirsprautuð árið 2024. Gera má ráð fyrir að yfirsprautun kosti um 200 m.kr. og malbikun um 1,5 milljarð króna. Núverandi flughlað og frárennislagnir þarf að endurnýja og setja upp olúskiljur á seinni hluta áætlunartímabilsins.

EGILSSTAÐAFLUGVÖLLUR

Fyrr í greinargerð var farið yfir framtíðaruppbyggingu akbrauta og stækkun flughlaðs á flugvöllinum. Hönnun er lokið á aðflugsljósum að braut 21 og áætlaður kostnaður er um 380 m.kr. Stefnt er að framkvæmdinni árið 2030. Frávik er í starfsleyfi flugvallarins vegna þessa.



Komið er að viðhaldi á flugturni og flugstöð bæði að innan og utan. Lagnir bæði neysluvatns og fráveitu eru komnar á tíma. Jafnframt er komið að kostnaðarsömu og nauðsynlegu viðhaldi á vélageymslum og sendahúsum bæði innra og ytra byrði sem áætlað er að kosti um 200 m.kr. sem dreift er á gildistíma áætlunarinnar.

ÍSAFJARÐARFLUGVÖLLUR

Á Ísafirði er flugbraut og bílastæði í góðu ástandi. Komið er að viðhaldi á flugstöð og flugskýli og brýnast er að endurnýja hurðir, þak, utanhúss klæðningu og lagnir. Kostnaðaráætlun á viðhaldi bygginga er um 140 m.kr. sem er dreift á áætlunartímabilið.

BÍLDUDALSFLUGVÖLLUR

Ástand klæðingar á flugbraut er ágætt en endurnýja þarf klæðinguna á braut og bílastæðum á öðru tímabili áætlunarinnar. Áætlaður kostnaður er 80 m.kr.

Í flugstöð þarf að endurnýja bæði þak og veggklæðningu á fyrsta tímabili og er kostnaður metinn á um 20 m.kr.

GJÖGURSFLUGVÖLLUR

Á Gjögri er ástand flugbrautar þokkalegt en hún verður klædd á fyrsta tímabili. Kostnaðarmat er um 50 m.kr.

GRÍMSEYJARFLUGVÖLLUR

Í Grímsey er ástand flugbrautar og flugbrautarljósa þokkalegt en á fyrsta tímabili verður farið í klæðingu á flugbraut fyrir um 50 m.kr. Komið er að kostnaðarsömu viðhaldi á flugstöð og þjónustuhúsi. Ytra byrði er veðrað og mjög illa farið. Kostnaðarmat á húsaviðgerðum er um 20 m.kr. og verður farið í þær framkvæmdir á fyrsta tímabili.

HÚSAVÍKURFLUGVÖLLUR

Flugstöðin er í afar slæmu ástandi og flugturninn er dæmdur óíveruhæfur. Flugvallarstarfsmenn eru með bráðabirgða aðstöðu í þjónustuhúsi og er flugvellinum stýrt með aðstoð myndavéla. Viðhald á flugstöðinni verður mjög kostnaðarsamt. Á árinu 2023 verða skoðaðar lausnir til úrbóta og farið verður í viðhald á aðstöðu farþega í flugstöð. Gert er ráð fyrir 80 m.kr. í verkefnið sem verður unnið á fyrsta tímabili.

Flugbraut er illa farin og farið að bera mikið á steinlosi og steinkasti sem veldur tjóni á flugvélum. Áætlað er að viðgerð á braut kosti 100 m.kr. en hún rúmast ekki innan fjárveitinga fyrr en á öðru tímabili. Jafnframt er komið að viðhaldi á vélageymslu og endurnýjun klæðingar á bílastæðum.

ÞÓRSHAFNARFLUGVÖLLUR

Flugbrautarljós eru staðsett of langt frá miðlínu flugbrautar og frávik er frá Samgöngustofu vegna essa. Verkefnið er sett á fyrsta tímabil og kostnaðaráætlun er 140 m.kr.

VOPNAFJARÐARFLUGVÖLLUR

Komið er að viðhaldi og viðgerð á þaki og gluggum þjónustuhúss. Flugstöð þarf yfirhalningu bæði að innan og utan. Gert er ráð fyrir að viðgerðir kosti um 80 m.kr. og dreifist á fyrsta tímabilið.

HORNAFJARÐARFLUGVÖLLUR

Komið er að viðhaldi á öllum húsakosti, mikill leki hefur verið í flugstöð og turni. Endurnýja þarf þak og turnhúsið ásamt því að skipta út gólfefnum og gluggum, endurnýja snyrtingar ásamt aðstöðu starfsmanna. Gert er ráð fyrir 65 m.kr. viðgerðum á fyrsta tímabili.

VESTMANNAEYJAFLUGVÖLLUR

Flugbrautir eru í góðu ástandi. Byggingar eru illa veðraðar og bera þess merki. Komið er að viðhaldi á flugstöðinni, vélageymslu og sandgeymslu bæði þak, gluggar og ytra og innra byrði. Gert er ráð fyrir um 70 m.kr. framlagi á fyrsta tímabili.

Gert er ráð fyrir að flugleiðin til Eyja verði að ríkisstyrktri flugleið a.m.k. yfir vetrarmánuðina. Flugvöllurinn er mest notaður fyrir áætlunarflug, einstaka leiguflug og sjúkraflug. Stefnt er að byggingu þyrlopalls á fyrsta tímabili til að auðvelda sjúkraflug í erfiðum veðuraðstæðum þegar ekki er hægt að lenda þyrilu á flugvellinginum. Staðsetning þyrlopallsins verður ákveðin í samvinnu við Landhelgisgæslu og sveitarfélagið.

LENDINGARSTAÐIR OG ÖRYGGI

Innviðaráðuneytið vann ítarlega skýrslu á árinu 2021 um öryggi lendingarstaða og byggt á tillögum skýrslunnar þá verður eftirfarandi forgangsröðun framkvæmda á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Endurbætur eru fyrirhugaðar árið 2024 á Blönduósflugvelli ásamt uppbyggingu á einum lendingarstað á Suðausturlandi m.t.t. sjúkra- og neyðarflugs.

ÚRBÆTUR Á ELDSNEYTISAFGREIÐSLU Á LENDINGARSTÖÐUM

Í undirbúningi er að setja upp litla færanlega eldsneytistanka á völdum lendingarstöðum á árunum 2024–2028. Verkefnið verður unnið með grasrótinni í flugi. Gert er ráð fyrir 10 milljónum króna á hvern lendingarstað og leitað hagkvæmstu leiða til að annast þjónustu og tryggja rekstraröryggi.

SANDSKEIÐ

Staðan á flugvellinginum er slæm, klæðing er léleg og mikill mosavöxtur í flugbraut.. Stefnt er að endurnýjun klæðingar árið 2024. Kostnaðaráætlun 50 m.kr. Skoða þarf uppsetningu flugvallarljósa til að nýta aðstöðuna betur og auka öryggi.

RIF

Klæðing á flugbraut (N/S) er léleg og farið verður í endurnýjun klæðingar árið 2025. Kostnaðaráætlun 55 m.kr. Flugbrautin (A/V) sem er mjög léleg malarbraut verður aflögð.

ÞINGEYRI

Félagið leggur til að Þingeyrarflugvelli verði lokað og flugstöð seld. Engar líkur eru á að flugvöllurinn verði nýttur í framtíðinni til áætlunarflugs.

BAKKI

Flugbraut er nýlega yfirlögð og í góðu standi.



NORÐFJÖRÐUR

Verið að vinna að uppsetningu flugbrautarljósa sem verða tekin í notkun haustið 2023. Flugbraut verður klædd árið 2027 en kostnaðaráætlun hljóðar uppá 60 m.kr. Rofverja þarf árbakka Norðfjarðarár en áin grefur ca 1 meter af öryggissvæði flugbrautarinnar árlega. Vinna þarf það verkefni í góðu samstarfi við hagaðila, þar sem að áin er gjöful veiðia.

BLÖNDUÓS

Árið 2024 verður hafist handa við uppbyggingu flugvallarins á Blönduósi með það að markmiði að hann geti betur sinnt hlutverki sem neyðar- og sjúkraflugvöllur. Klæða þarf flugbrautina og meta endurnýjun á flugbrautarljósum til að auka öryggi loftfara.

SUÐAUSTURLAND

Unnin verður þarfagreining varðandi ákjósanlega staðsetningu fyrir sjúkra- og neyðarflugvöll á Suðausturlandi. Isavia innanlandsflugvellir munu vinna verkefnið í nánú samráði við viðbragðsaðila.

SAUÐÁRKRÓKUR

Áætlað er að klæða flugbrautina 2027. Kostnaðaráætlun 30 m.kr.

STÓRI KROPPUR

Stefnt er að klæðingu á flugbraut árið 2026. Kostnaðaráætlun 23 m.kr.

REYKJAHLÍÐ

Stefnt er að klæðingu á flugbraut árið 2025. Kostnaðaráætlun 35 m.kr.